

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 239/2024

2025/EES/9/11

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1681 frá 6. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar brunapól byggingarvara ⁽¹⁾.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2024/1681 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 1zu (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32024 R 1681**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1681 frá 6. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar brunapól byggingarvara (Stjtið. ESB L, 2024/1681, 13.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1681, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1681, 13.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1681/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 6.6.2000, bls. 26.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.